

REGLUR

um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2023.

Eftirfarandi reglur um skattmat tekna af landbúnaði á árinu 2023 eru settar skv. 118. gr. nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. og 2. tölul. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í búrekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila sem færa ber á rekstrarreikning fyrir tekjuárið 2023.

Búsafurðir til heimanota og önnur endurgjaldslaus afhending þeirra til eigenda, starfsmanna og skylduliðs þeirra skal telja til rekstrartekna. Tekur skattmatið m.a. til búfjárafurða, jarðargróða, afraksturs af hvers konar hlunnindum, afurða gróðurstöðva, fuglabúa o.s.frv. og sjávarafla og afla eldisstöðva. Séu afurðir, sem teknar eru eða afhentar til heimanota, ekki tilgreindar hér á eftir skal meta þær á sama verði og fyrir þær fæst við sölu til óskylds aðila. Séu afurðir þessar afhentar á lægra verði en í skattmatinu greinir skal mismunur á því verði og matsverðinu talinn til rekstrartekna hjá búinu. Sláturkostnaður vegna búsafurða til heimanota heimilast ekki til frádráttar rekstrartekjum.

Skattmat á heimaafnotum búsafurða o.fl. vegna tekjuársins 2023 er sem hér segir:

<i>Tegund</i>	<i>Krónur</i>	<i>Eining</i>
Mjólk	116	pr. lítra
Egg	591	pr. kg
Kartöflur	148	pr. kg
Rófur	186	pr. kg
Gulrætur	507	pr. kg
Lambakjöt	610	pr. kg
Kjöt af veturgömlu fé	204	pr. kg
Annað kjöt af sauðfé	134	pr. kg
Ungnautakjöt	657	pr. kg
Annað kjöt af nautgripum	409	pr. kg
Folaldakjöt	357	pr. kg
Annað kjöt af hrossum	132	pr. kg
Grísakjöt	531	pr. kg
Annað svínakjöt	251	pr. kg
Kjúklingar	469	pr. kg
Annað fuglakjöt	769	pr. kg
Lax og silungur	831	pr. kg
Annar fiskur	384	pr. kg

Reykjavík, 19. desember 2022.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.